

Stofnanasamningur

milli Félags lífeindafræðinga og Heilbrigðisstofnunar Suðurlands. Samkomulag þetta byggir á kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs annars vegar og Félags lífeindafræðinga hins vegar.

1. Gildissvið

Stofnanasamningur þessi nær til allra lífeindafræðinga á HSU sem starfa og njóta ráðningarkjara samkvæmt gildandi kjarasamningi Félags lífeindafræðinga og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs. Launasetning yfirlífeindafræðings verður framkvæmd með einstaklingsbundum samningi við framkvæmdastjórn.

2. Framkvæmd röðunar og mats

Röðun miðast við að um viðvarandi/stöðugt verksvið sé að ræða og skulu skilgreiningar Hagstofunnar (nú ISTARF95, 2.útgáfa) hafðar til hliðsjónar. Þá skulu fyrst of fremst metin þau verkefni og ábyrgð (svo sem stjórnun) sem í starfinu felast auk þeirrar færni (menntun/kunnáttustig/sérhæfing) sem þarf til að geta innst starfið af hendi. Þá skal litið til þess hvar tiltaki starf er staðsett innan skipurits stofnunar eða annars formlegt starfsskipulags.

Ef gerð er krafa um viðbótarmenntun umfram grunnmenntun (BA/BS) í starfslýsingu skal tekið tillit til þess við grunnröðun starfs í launaflokk sem hér segir:

Starf sem gerir kröfu um 60 eininga (ECTS) viðbótarnám raðast að lágmarki einum launaflokki hærra en starf þar sem einungis er krafist grunnmenntunar og sé gerð krafa um meistaragráðu skal slíkt starf raðast að lágmarki 2 launaflokkum hærra sbr. upptalningu hér að neðan:

- Diplóma eða sambærilegt nám sem leiðir til formlegra starfsréttinda (60 einingar) = 1 launaflokkur
- Meistaragráða (90-120 einingar) = 2 launaflokkar
- Doktors- eða sambærileg gráða (180 einingar) = 3 launaflokkar

Lengra formlegt grunnnám skal metið með sambærilegum hætti.

3. Starfaflokkun og röðun, sbr. fylgiskjal 1

Frá 1. september 2016 hækka allir lífeindafræðingar í starfi á HSU um 1 launaflokk. Starfaflokkunarkafli samnings þessa tekur gild frá og með 1. mars 2017. Í febrúar 2017 skal röðun allra lífeindafræðinga við stofnunina yfirfarin og lagfærð í samræmi við ákvæði samningsins.

<u>Starfaflokkur</u>	<u>Launafl. á bili</u>
Lífeindafræðingur A	6-7 (Byrjandi til 2 ár í starfi).
Lífeindafræðingur B	7-8 (Eftir 2 ár í starfi).
Lífeindafræðingur C	8-9 (Eftir 5 ár í starfi).
Lífeindafræðingur D	9-10
Sérfræðingsstarf	10-
Staðgengill yfirlífeindafræðings	10-

Go KK
MLE

Nánari lýsingar og skilgreiningar á starfaflokkun þessari er að finna í fylgiskjali 1, með samningi þessum.

Vegna breytinga á starfsemi HSU geta orðið til ný störf sem ekki falla að starfaflokkun þessari sem þarf að raða sérstaklega. Leiði ný störf eða starfsemi til þess að forsendur þessa samnings teljist brostnar eða breyttar frá því sem nú er, skal samstarfsnefnd taka afstöðu til breytinga á röðunarreglum.

Gæta skal samræmis þegar störfum/starfsmönnum á mismunandi einingum HSU er raðað. Ákvörðun, sem tekin er um hvaða þættir hafa áhrif á laun og með hvaða hætti skal skoðast sem fordæmi gagnvart öðrum starfsmönnum, svo tryggt verði að þeir njóti jafnræðis. Til viðbótar við röðun starfs skal taka mið af persónubundnum þáttum í starfi, sbr. nánar gr. 4 hér á eftir.

4. Persónubundnir þættir til ákvörðunar um viðbótarþætti

4.1 Viðbótarnám og námskeið sem nýtist í starfi.

- | | |
|---|--------|
| - Námskeið og fagráðstefnur (180 kennslustundir) | 1 þrep |
| - Diplómanám (60 ECTS einingar) | 2 þrep |
| - Meistarapróf (120 ECTS einingar) | 4 þrep |
| - Doktorspróf eða sambærilegt | 6 þrep |
| - Styttra formlegt nám skal metið með sambærilegum hætti. | |

Framkvæmd/gögn

Þegar sótt er um mat á námskeiði/um, viðbótarnámi eða annarri viðbótarmenntun til yfirmanns skal senda eftirfarandi til framkvæmdastjóra lækninga.

- Lista yfir námskeið þar sem fram kemur heiti námskeiðs, tímafjöldi og dagsetningar.
- Ljósrit af skjali sem sannar þátttöku viðkomandi.
- Ef um er að ræða þátttöku í námskeiði: sundurliðun á fyrirlestrum, umræðum og öðru námsefni og lengd.
- Nám sem sérstaklega er ætlað viðkomandi fagaðila hjá viðurkenndri stofnun og gefur ákveðinn fjölda háskólaeininga skal metið.
- Umframeiningar þarf að skoða sérstaklega.

4.2 Reynsla/starfsaldur

Starfsþróun Lífendafræðinga er eftirfarandi:

- Eftir 7 ár í starfi 1 þrep
- Eftir 10 ár í starfi. 1 þrep
- Eftir 20 ár í starfi. 1 þrep

4.3 Tímabundnir þættir

Tímabundnir þættir eru t.d. frammistaða eða álag vegna tímabundinna viðbótarverkefna. Tímabundnir þættir eru eingöngu metnir til röðunar í álagsþrep. Dæmi um tímabundna þætti:

- Frammistaða umfram kröfur og/eða væntingar byggðar á fyrirfram skilgreindum mælanlegum viðmiðum.

OB BA MLE
KK

- Tímabundin aukin ábyrgð
- Innleiðing verkefna
- Þróun og nýsköpun
- Sérstak álag og erfiðleikastig
- Vinnutímasveigjanleiki og liðlegheit
- Öflun nýrra verkefna og hugmynda

5. Réttur til endurmats á röðun

Telji starfsmaður að honum sé ekki rétt raðað miðað við fyrirbyggjandi forsendur á hann rétt á að fá röðun sína endurmetna. Ágreiningsmálum skal skotið til samstarfsnefndar, sbr. 11. kafla kjarasamnings.

6. Gildistaka

Við gildistöku þessa samnings falla úr gildi allir eldri stofnanasamningar, bókanir og aðrar viðbætur. Samningur þessi tekur gildi frá og með 1. september 2016.

Selfossi 17. október 2016

GRÖN HÉNN EINHARSD
 Kolbrinn Káradóttir
 Margrét L. Einarsd.
 Bókun 1

Anníe B. H. Þórsdóttir
 Björn S. Pálmarsson

Stefnt er að því að þeir lífeindafræðingar sem þess óska, sem starfa á HSU hafi möguleika á að fara tímabundið í starfsþjálfun á LSH. HSU stefnir á að ná samkomulag við LSH um slíkt starfsþjálfunar fyrirkomulag. Slíkt starfsþjálfun skal ekki vara skemur en í eina viku í senn en þó ekki lengur en í fjórar vikur. Tilgangurinn er að lífeindafræðingar geti viðhaldið þekkingu og færni ásamt því að tileinka sér nýjungar í starfi.

Fylgiskjal 1

Starfaflokkun: Við ákvörðun um röðun starfa innan þess svigrúms sem um er að ræða skal taka tillit til staðsetningar starfs í skipuriti, eðlis starfsins, ábyrgðar og umfangs og miða við að um sé að ræða viðvarandi /stöðugt verksvið, sbr. 2. gr. hér að framan.

Nánar um starfaflokkun sbr. 3. gr.

Lífeindafræðingur A: Starfar sjálfstætt án beinnar tilsagnar og tekur þátt í þróun starfs á sinni einingu. Metur árangur starfsins eða þeirra rannsókna sem hann framkvæmir. Tekur þátt í að leiðbeina samstarfsfólki og nemendum. Starfsreynsla 0-2 ár í faginu.

Lífeindafræðingur B: Er fær í starfi. Stjórnar, ákveður, skipuleggur og framkvæmir starf sitt og þau verkefni sem því fylgja. Skipuleggur og veitir fræðslu, auk þess að leiðbeina samstarfsmönnum og nemum. Tekur virkan þátt í þróun fags á sinni einingu og er þátttakandi í gæðastarfi. Hefur umsjón með starfsstöð/deild utan dagvinnutíma þar sem það á við. Er fær um að skipuleggja störf annarra starfsmanna og útdeila verkefnum. Veitir fræðslu til sjúklinga/skjólstæðinga og aðstandenda. Starfsreynsla 2-5 ár í faginu.

Lífeindafræðingur C: Er mjög vel fær í starfi. Skipuleggur kennslu nemenda og leiðbeinir starfsfólki og nemum. Er fulltrúi deildar, sviðs eða stofnunar í stjórnnum, nefndum og ráðum sem vinna að málefnum skjólstæðinga og sjúkrahússins.

Lífeindafræðingur D: Sérfræðingur í tiltekinni fræðigreini á fagsviði starfs. Innleiðir nýjungar, stýrir gæðastarfi og rannsóknarvinnu á einingu, sviði eða stofnun í samráði við yfirmann. Stjórnar og skipuleggur starfsemi/þjónustu í samræmi við sýn og stefnu HSU. Metur árangur í starfsemi. Er ráðgefandi varðandi sérhæfðar rannsóknir á fagsviði starfs. Skipuleggur kennslu á sérsviði sínu. Ber ábyrgð á þróun fagsins/þjónustunnar sem veitt er á deild, sviði eða stofnun í samráði við sviðsstjóra eða deildarstjóra.

Sérfræðingsstarf: Starf samkvæmt sérstakri starfslýsingu þar sem gerð krafa um sérfræðileyfi í viðkomandi fræðigreini á fagsviði starfs. Viðkomandi starfsmaður hefur meistara- eða doktorsnám að baki og skal hafa leyfi ráðuneytis til að kalla sig sérfræðingur í viðkomandi fræðigreini. Nánari skilgreiningu starfs er að finna í starfslýsingu.

Staðgengill yfirlífeindafræðings: Er launaður staðgengill yfirlífeindafræðings og leysir hann af í fjarveru, ásamt því að hafa ákveðin skilgreind verkefni tengt starfsmannahaldi og starfsemi/stjórnun deildar samkvæmt sérstakri starfslýsingu.

MLÉ
GTH
AB
RS